



Kiwanisfréttir

**Skýrsla ritstjóra Kiwanisfrétta
og
upplýsinga- og blaðafulltrúa Umdæmisins
til Umdæmisstjórnarfundar 16. apríl 2011**

Frá síðasta Umdæmisstjórnarfundu hef ég verið að undirbúa útkomu Kiwanisfrétta sem dattu inn um lúgu kiwanisfélaga í þessari viku, auðvelt var að fá efni en samt sem áður endaði blaðið aðeins í 20 síðum. Ég skipti um prentsmiðju og er þetta blað núna prentað í Prentsmiðjunni Odda og verð ég að segja eins og er að mikill munur er á samskiptum við nýju aðilana. Allt á mjög fagmannlegum nótum og farið með allt eins og við ein skiptum máli. Einnig buðu þeir okkur 5% afslátt af póstburðargjöldum sem og ég þáði. Er ég afskaplega sátt við þessa hlið málsins, en enn hef ég í raun ekki séð kostnað við blaðið en vonandi er það á þeim nótum sem tilboðið sýndi okkur, eða ca. 412.000 kr. með plasti og áritun – en blaðið frá Viðey kostaði síðast 508.000 kr. og við sköfðuðum límmiða og áritun á þá. – Var munnlega samið (á e-mail) við þá að þeir prentuðu blaðið aftur í desember á þessu ári svo og apríl og desember 2012 og svo yrði spurning með þingblöð fyrir þetta ár og það næsta. Því miður dattu niður myndir með grein frá Kiwanisklúbbum Ós – þær voru sendar í prentsmiðju en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum komust þær aldrei ekki til skila – en bætt verður úr þessu í næsta blaði.

Starf mitt, sem af er þessu ári hefur meira og minna einkennst að vinnu minni með Hjördís í Kvinnanefndinni og hins vegar hef ég komið að Hjúlmaverkefni.


Undanfarna daga hef ég verið í samskiptum við „lifandi“ fjölmiðla til að reyna að koma með hjúlmaverkið fram í dagsljósið.

Hef ég haft samband við allar sjónvarpsstöðvar svo og útvarpsþætti, svo sem „í bítíð“, „Reykjavík síðdegis“, „hjá Sirrý“ og fleiri.

Þegar þetta er skrifað er aðeins einn „þáttur“ sem hefur ákveðið að koma þessu á framfæri og taka Óskar Umdæmisstjóra í viðtal og er þátturinn „hjá Sirrý“.

Veit ég að Óskar verður okkur til mikils sóma.

Með Kiwaniskveðju


Þyrí Marta Baldursdóttir